

Ytra mat grunnskóla

Þelamerkurskóli

Mars 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélagið Hörgársveit.

Höfundar: Gunnhildur Harðardóttir og Svanhildur María Ólafsdóttir.

© Menntamálastofnun, 2021.

ISBN 978-9979-0-2618-1

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Þelamerkurskóli.....	8
Niðurstöður	10
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirkni í stefnumótun	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða	11
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	11
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	12
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	12
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	13
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	14
Þáttur 2 – Nám og kennsla	15
2.1 Inntak og námskrá	15
2.2. Árangur náms	15
2.3 Gæði kennslu	17
2.4 Skipulag náms.....	18
2.5 Námsvitund	20
2.6 Ábyrgð og þátttaka	20
Þáttur 3 – Innra mat	22
3.1 Skipulag.....	22
3.2 Framkvæmd.....	22
3.3 Umbætur	22

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Þelamerkurskóla sem fór fram í mars 2021. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru; *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og sveitarstjórn að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun skólans eru opinberar og uppfylla viðmið aðalnámskrár.
- Stefna skólans og sérstaða er sýnileg í starfsháttum og rædd meðal allra hagsmunaaðila.
- Lögð er áhersla á að segja frá því jákvæða í skólastarfi.
- Ígrunduð og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal stjórnenda og kennara.
- Mannauður er vel nýttur og starfsfólk ber ábyrgð á verkefnum.
- Haldnir eru reglulegir fundir með almennu starfsfólki og kennurum.
- Fagleg og virk starfsþróun er til staðar fyrir kennara og starfsfólk.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna skólastarfið og starfsfólk lítur á sig sem eina liðsheild.
- Skólastjóri stuðlar að því að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið og skapa skólanum jákvæða ímynd í grenndarsamfélaginu.
- Skólastjórnenndur leggja áherslu á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Leitað er eftir sýn foreldra á skólastarfið með könnunum.
- Boðið er upp á opinn fund skólaráðs fyrir hagsmunaaðila.
- Ánægja foreldra með stjórnun skólans og með samskipti starfsfólks við nemendur eru marktækt yfir meðaltali á landsvísu.
- Markvisst er unnið með umbætur og innleiðingu breytinga í þróun skólastarfsins.
- Starfsfólk er almennt sátt við daglegt skipulag skólastarfsins.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur hafi fasta fundartíma þar sem fram fer formleg umræða og fundargerðir eru skráðar.
- Skrá þarf ábyrgðaraðila allra verkefna og gera fundargerðir aðgengilegar.
- Skýra og skrá með hvaða hætti verkaskiptingu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er háttáð.
- Tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila að endurskoðun og gerð skólareglna.
- Skipa fulltrúa í skólaráð í samræmi við reglugerð¹ þar um.
- Huga að leiðum til að virkja foreldra í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.
- Huga að því að allir hagsmunaaðilar skólans séu virkir við stefnumótun skólastarfsins.
- Skrá verklag um með hvaða hætti upplýsingum um árangur í námi og öðru skólastarfi sé miðlað til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.
- Kynna stoðþjónustu með markvissum hætti.

¹ Reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr.1157/2008.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Skólanámskrá er vel útfærð með skýrum tilvísunum um hvernig unnið er út frá aðalnámská, stefnu sveitarfélagsins og sérstöðu skólans.
- Náms- og kennsluáætlanir eru greinagóðar og þar kemur fram hvernig unnið er með grunnþætti menntunar, lykilhæfni, stefnu og sérstöðu skólans.
- Stoðþjónusta skólans er fjölbreytt og tekur til náms, líðanar og samskipta nemenda.
- Markvisst er fylgst með árangri og framförum nemenda og nemendahópa.
- Skólastjórar og kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gera áætlun um nám nemenda.
- Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti.
- Kennarar sýna fagmennsku við kennslu.
- Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur.
- Kennsluhættir og námsmat er fjölbreytt, sniðið að markmiðum náms, sérstöðu og stefnu skólans.
- Kennarar vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/eða þvert á árganga.
- Útinám er markvisst og útikennslustofa skólans er vel nýtt.
- Lögð er áhersla á fjölbreytt list- og verkgreinanám nemenda.
- Unnið er að því að kenna eldri nemendum að setja sér markmið og að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.
- Áhugasvið og hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkum þeirra í vali og list- og verkgreina-kennslu.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendur hafa tækifæri til samræðu um skipulag skólastarfsins á vikulegum bekkjarfundum.
- Nemendur eiga fulltrúa í sjö nefndum og ráðum innan skólans og fundargerðir þessara nefnda og ráða eru aðgengilegar öðrum nemendum.

Tækifæri til umbóta

- Skrá í námsvísa og kennsluáætlanir hvernig tilhögun og framkvæmd námsaðlögunar og stuðnings er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.
- Endurskoða einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða að markmiðum, endurmats og árangurs.
- Rýna og vinna markvisst að því að bæta árangur nemenda í samræmdum prófum.
- Rýna og vinna markvisst að því að efla trú nemenda á eigin getu og vinnubrögðum.
- Vinna með nemendum að því að efla sjálfsálit þeirra og samsömun við nemendahópinn.
- Gæta þess að kennslustundafjöldi í námsgreinum uppfylli viðmiðunarstundaskrá.
- Huga þarf að því að nemendur í tónlistarnámi missi ekki ávallt af kennslustundum í sömu námsgrein.
- Vinna markvisst að því að kenna og þjálfra alla nemendur í að setja sér markmið í námi og að taka þátt í að meta eigin framfarir.
- Gera öllum nemendum ljós markmið þeirra í námi og markmið kennslustunda og verkefna.
- Skrá nöfn þeirra nemenda og starfsfólks sem eru í nefndum og ráðum á heimasíðu og leita leiða til að kynna á markvissan hátt nefndir og ráð fyrir nemendum.

- Leita leiða og þjálfa nemendur til að gera sérbetur grein fyrir hlutverki sínu í nefndum, ráðum og skipulagi skólstarfsins.
- Skrá og birta formlegt verklag um hvernig fulltrúar nemenda koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.

Innra mat

Styrkleikar

- Skýrsla um innra mat og umbótaáætlun skólans lýsa á markvissan og skýran hátt framkvæmd og helstu niðurstöðum innra mats og tækifærum til umbóta.
- Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og viðfangsefnum skólans.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Fyrir liggur skammtíma- og langtímaáætlun um innra mat.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila sem koma að skólstarfinu.
- Niðurstöður innra mats og umbótaáætlun eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.

Tækifæri til umbóta

- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Þelamerkurskóli

Þelamerkurskóli er grunnskóli fyrir börn í 1.-10. bekk. Skólinn er rekinn af sveitarfélaginu Hörgársveit og er staðsettur á jörðinni Laugalandi á Þelamörk. Skólinn var formlega stofnaður 5. desember 1963 og í honum voru þá nemendur í 2.-6. bekk sem bjuggu á heimavist skólans. Hörgársveit er víðfeðmt sveitarfélag og koma nemendur úr mörgum áttum, svo sem Öxnadal, Hörgárdal, Hjalteyri og úr þéttbýlinu við Lónsbakka sem liggur við bæjarmörk Akureyrar.

Í nafni skólans, Þelamerkurskóli, felast tákni um þrjá áhersluþætti skólastarfsins sem fram koma í leiðarljósi og einkunnarorðum skólans; *þroski – menntun – samkennd*. Meginstefna skólans er að geta með stolti starfað samkvæmt ákvæðum stjórnvalda um skóla fyrir alla/skóla án aðgreiningar. Með þeirri stefnu er miðað við að allir í skólasamfélaginu sjái stefnuna sem leið til að gefa öllum nemendum kost á gæðamenntun og jöfnum tækifærum með grunnþætti menntunar að leiðarljósi.

Þelamerkurskóli fór í ytra mat á vegum Menntamálaráðuneytisins árið 2012 (sjá umfjöllun í kafla 1.).

Í mars 2021 voru 68 nemendur í skólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	6	4	8	6	3	6	13	4	10	8
Samkennsluhópar	1		1		1		1		1	

Starfsmenn skólans eru 18. Stjórnendur eru tveir, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Kennarar eru tíu í 8,3 stöðugildum. Af kennurum eru einn leiðbeinandi. Iðjuþjálfari og sérkennari starfa við skólann í tæpum tveimur stöðugildum.

Annað starfsfólk við skólann eru stuðningsfulltrúi, skólaliðar, matráður og aðstoðarmatráður og eru öll í fullu starfi.

Fjöldi nemenda sem eiga báða foreldra² eða annað foreldri af erlendum uppruna eru tólf. Nemendur við skólann sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru fjórir. Hlutfall þeirra nemenda sem eru með einstaklingsnámskrá, aðlagð námsefni og/eða eru í sérkennslu er þriðjungur.

Nemendur sem stunda nám á öðru skólastigi eru þrír.

Kennslustundir hafa ekki fallið niður vegna veðurs eða veikinda það sem af er skólaárinu.

Upplýsingar vegna Covid-19

Þær lokanir sem komu til í Þelamerkurskóla vegna Covid-19 tengdust ákvörðunum um fjölda-takmarkanir og sóttvarnarráðstafanir en af þeim sökum fjölgaði starfsdögum skólans um tvo.

Kennsla vegna Covid-19 var með eftirfarandi hætti á vorönn 2020 og haustönn 2021.

Á tímabilinu 17. mars - 3. maí 2020 voru 26 virkir skóladagar skv. skóladagatali. Í 21 dag af þessum 26 lauk skóla klukkan 12:45 í stað 14:25 hjá öllum árgöngum. Á ofangreindu tímabili voru 30-45% nemenda heima í sjálfsskipaðri sóttkví, að ósk forráðamanna í samráði við skólayfirvöld, sumir allan

² Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

tímann og aðrir um helming tímans. Nemendur í 5.-10. bekk sem heima voru mættu daglega í skólann í gegnum tölvuskjáinn og unnu verkefni að heiman. Á tímabilinu 4.nóvember-31. desember 2020 voru 31 virkir skóladagar skv. skóladagatali en 25 daga af þessum 31 lauk skóla klukkan 13:30 í stað 14:25 hjá öllum árgöngum.

Í 25 daga á haustönn 2020 var þar með kennt í 6 kennslustundir í stað 7,5. Í 11 daga af þessum 31 virku skóladögum voru nemendur 9. og 10. bekkjar í fjarnámi og voru kennarar í fjarsambandi við nemendur kl. 9:00 -13:30 dag hvern ýmist með fjarkennslu í gegnum bekkjartíma eða á fjarfundum með minni hópum eða einstaklingum.

Skerðing var á kennslu í einstaka námsgreinum á tímabilinu 17. mars - 3. maí 2020. Hefðbundin kennsla féll niður í íþróttum, sundi, list- og verkgreinum. Þó var lögð sérstök áhersla á að flytja íþróttir, list- og verknám inn í bekkjarstofuna eða á útsvæði skólans. Sundkennsla féll alveg niður á þessu tímabili, samtals sex sundtímar hjá hverjum árgangi. Valgreinar hjá 7.-10. bekk féllu einnig alveg niður eða í samtals fimm daga á tímabilinu.

Á tímabilinu 4.-20. nóvember 2020 féll hefðbundin kennsla niður í íþróttum, sundi, list- og verkgreinum. Valgreinar féllu niður fram að jólum, eða í fimm daga hjá 5.-6. bekk og í 11 daga hjá 7.-10. bekk. Fjarkennsla var veitt í 11 daga vegna Covid-19 fyrir 9. og 10. bekk í bóklegum greinum. Fjarnám var á þeim dögum sem nemendur voru ekki í íþróttum eða list-og verkgreinum.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

Ytra mat á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis var gert á skólastarfi Þelamerkurskóla árið 2012. Niðurstöður matsins sýndu styrkleika skólans ásamt umbótaþáttum og gerðar tillögur að leiðum til umbóta. Skýrsluna er meðal annars að finna á slóðinni:

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/utt_thelamerkursk_2012.pdf

Tækifæri til umbóta sem nefnd eru skýrslunni frá árinu 2012 og snúa að matsþáttum sem metnir eru 2020 eru komnir til umbóta.

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Skólastjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt lögum, reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Skólanámskrá uppfyllir viðmið aðalnámskrár og starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og eru báðar opinberar og birtar á heimasíðu skólans.

Stefna skólans byggir á skólastefnu Hörgársveitar frá árinu 2020 en þar segir að vinna skuli markvisst að því að mennta og þroska hæfileika barna í metnaðarfullu skólastarfi. Áherslupættir stefnunnar eru að velferð, gleði og heilsa barna séu í fyrirrúmi. Að menntun sé sveigjanleg, einstaklingbundin og nýttist til framtíðar, andlegur og félagslegur þroski sé efldur og nemendur og starfsfólk starfi við bestu náms- og vinnuskilyrði.

Fram kom í viðtali við skólastjóra að kennarar og starfsfólk hafa komið að mótun nýrrar skólastefnu á fundum síðastliðin tvö ár. Fram kom í rýnihópaviðtali við foreldra að þeir komu að stefnumótun skólans með þeim hætti að þeir fengu stefnuna senda í tölvupósti og gátu þannig komið athugasemdum og ábendingum á framfæri áður en stefna sveitarfélagsins og skólans var lögð fram. Í viðtali við skólastjóra kom fram að umræða um endurskoðun á skólastefnunni fór fram á opnum fundi skólaráðs og var til umfjöllunar á fundi með stjórn foreldrafélagsins. Ekki kemur fram með hvaða hætti nemendur hafa komið að mótun skólastefnunnar. Skólastjóri hefur aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu.

Fram kom í rýnihópaviðtölum við alla hagsmunaaðila að sérstaða skólans er fámennið, útikennslustofa, öflugt útinám og einstaklingsmiðuð þjónusta. Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfinu í daglegu tali og fréttáflutningi og foreldrum er markvisst kynnt sýn og stefna skólans.

Í nafni skólans, Þelamerkurskóli, felast tákni um þrjá áherslupætti sem koma fram í leiðarljósi skólastarfsins *þroski – menntun – samkennd*. Fram kom í rýnihópaviðtölum að einkunnarorð skólans eru ekki öllum nemendum ljós.

Í skólanámskrá og starfsáætlun má finna á hvern hátt unnið er með grunnþætti menntunar, lykilhæfni, kennsluhætti og þróunarverkefni skólans. Þar má einnig finna upplýsingar um starfshætti skólans sem og áætlanir sem snúa að skólastarfinu fyrir skólaárið.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Skólastjóri hefur faglegan metnað og væntingar til náms og kennslu. Fram kemur í rýnihópum starfsfólks skólans að það fái og hafi svigrúm til starfsþróunar. Starfsþróunaráætlun fyrir skólaárið 2020-2021 liggur fyrir og fram kemur að gerður er greinarmunur á innri og ytri starfsþróun með það að leiðarljósi að starfsþróunin skili sér beint í starfið með nemendum og verði sýnileg í starfi viðkomandi starfsfólks. Innan áætlunarinnar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.

Skólastjóri hvetur starfsfólk til faglegs samstarfs. Skólinn getur fengið starfsfólk Skólaþjónustunnar á Akureyri til liðs við sig ef þörf er á eða óskað er eftir því við úrvinnslu ýmissa mála. Fagleg samræða um nám og kennslu fer fram á faggreina- og árgangafundum auk kennarafunda. Fundir með öllu starfsfólki og kennarafundir eru haldnir reglulega þar sem fram fer fagleg umræða um málefni sem snerta skólann.

Fram kemur í rýnihópaviðtölum við allt starfsfólk skólans að starfshópurinn lítur á sig sem eina liðsheim. Einnig er samhljómur um að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni skólastarfið og að stjórnendur hlusti á raddir allra og hugmyndir og tillögur séu teknar til skoðunar. Bekkjafundir eru haldnir vikulega og þar gefst nemendum tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri, komast að niðurstöðu og í framhaldi bera nemendur upp tillögur sínar við skólastjóra.

Starfsþróunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2020-2021 liggur fyrir og byggir á stefnu skólans og nær til alls starfsfólks. Skólastjóri er virkur í að deilda upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Skólastjóri vinnur að því að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið og skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu. Leitað er eftir sýn foreldra á skólastarfið með könnunum sem gerðar eru á vegum Skólapúlsins³. Skólastjóri leggur áherslu á að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum og sendir foreldrum tölvupósta með upplýsingum um skólastarfið. Þá hvetur hann foreldra einnig til að mæta á fundi og viðburði á vegum skólans. Kennarar senda vikupósta til foreldra með upplýsingum um skólastarfið. Í skólanámskrá skólans er að finna formlegar samskiptaleiðir við foreldra. Í rýnihópaviðtölum við skólastjóra og kennara kom fram að mikið er um óformleg samskipti milli skóla og foreldra.

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins er ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur marktækt yfir meðaltali á landsvísu. Í könnuninni svara 80% því til að þeir hafi frekar eða mjög mikil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir sem varða barnið þeirra. Þessar niðurstöður eru marktækt yfir landsmeðaltali. Einnig kemur fram þegar foreldrar eru spurðir um hve upplýstir þeir telji sig vera um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá að tæplega 87% svarenda telja sig vera töluvert eða mjög upplýsta um þessa þætti og marktækur munur er á svörum foreldra í þelamerkurskóla og svörum annarra foreldra sem svara sömu könnun. Í opnum svörum Skólapúlsins kemur meðal annars fram ánægja með samskipti við starfsfólk, gott viðmót og sveigjanleika í skólanum.

Skólaráð starfar samkvæmt reglugerð þar um. Í starfsáætlun skólans er að finna starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið 2020-2021 þar sem fram koma dagskrá og verkefni funda sem haldnir eru í október, febrúar og maí. Fundurinn í febrúar er sérstaklega boðaður sem opinn fundur fyrir skólasamfélagið. Samkvæmt rýnihópaviðtali við skólaráð kom fram að mismunandi er með hvaða hætti fulltrúar hafa

³ Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur fyrir staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

verið valdir í skólaráðið. Samkvæmt fundargerðum skólaráðs og í viðtölum kemur fram að umræður fari fram á fundum um efni fundarins en ekki er um beina aðkoma þeirra að ákvarðanatöku að ræða.

Fram kom í rýnihópaviðtölum við foreldra og skólaráð að kynning á stoðþjónustu skólans fer ekki fram með markvissum hætti en viðmælendur töldu að ef óskað yrði eftir upplýsingum þess efnis myndi skólinn bregðast við. Þá kom einnig fram að þeir teldu að skólastjóri kynnti foreldrum sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag á kynningarfundum, í samræmi við reglugerð.

Í skólanámskrá skólans er að finna upplýsingar um samstarf við önnur skólastig og má þar nefna samstarf við heilsuskólann Álftastein sem er leikskóli. Þá er einnig getið um samstarf við framhaldsskólana í Eyjafirði auk Menntaskólans á Tröllaskaga og Tónlistarskóla Eyjafjarðar.

Tengsl skólans við nærsamfélagið eru skráð í skólanámskrá og er þar meðal annars fjallað um gott samstarf við félagasamtök í Eyjafirði, veiðifélagið Hörg og Jónasarsetur. Þá kom fram í rýnihópa- viðtölum að skólinn væri í samstarfi við ungmennafélagið Smárann og ef leitað væri til sveitunga þá tækju allir vel í beiðnir frá skólanum.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum eru stöðugt í gangi og niðurstöður eru markvisst nýttar til umbóta í skólastarfinu. Sjá má í matskýrslu um innra mat og umbótaáætlun hvaða verklag er viðhaft til að nýta niðurstöður kannana og skimana um árangur og líðan í kennslu til að efla árangur nemenda.

Skráð ferli eða verklag með hvaða hætti upplýsingum er komið til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila er ekki til staðar en fram kom í viðtali við skólastjóra að allar upplýsingar hvað varðar nám, árangur, líðan og niðurstöður kannana eru birtar á heimasíðu, sendar í tölvupósti til foreldra auk þess sem haldnir eru kynningar- og fræðslufundir um ákveðin málefni.

Helstu þróunarverkefni sem unnið hefur verið að síðustu ár og eru enn í þróun, eru Byrjendalæsi, Grænfáninn, Geðrækt, Heilsueflandi skóli, Útiskóli og Rafræninr kennsluhættir. Auk þess má sjá þróunarverkefni í umbótaáætlun skólans sem lúta að fjölbreyttum kennsluháttum og leiðsagnarmati.

Þróunar- og umbótaáætlanir um nám og kennslu byggja á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda auk upplýsinga úr innra og ytra mati á starfinu. Skólastjórnendur eiga aðkomu að þróunarverkefnum og hafa skýra sýn á áherslur og markmið með breytingaferli. Framgangur og upplýsingar um þróunarverkefni er skráð í fundargerðir sem eru flestar opinberar á heimasíðu skólans. Gert er ráð fyrir starfsþróun, ráðgjöf og stuðningi vegna þróunarverkefna í símenntunaráætlun.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið og lögbundnar áætlanir er að finna á heimasíðu skólans.

Reglulegar kannanir meðal nemenda, starfsmanna og foreldra eru framkvæmdar á vegum Skólápúlsins. Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra í ársbyrjun 2021. Samkvæmt niðurstöðum úr spurningu sem snýr að ánægju með stjórnun skólans svara 100% svarenda því til að þeir telji að skólanum sé frekar eða mjög vel stjórnað og er svarið marktækt yfir landsmeðaltali. Þá svarar allt starfsfólk því til í könnun skólaárið 2019-2020 að það fái stuðning frá næsta yfirmanni og er svörun skólans marktækt yfir landsmeðaltali.

Fram kom í rýnihópaviðtölum við starfsfólk að það er almennt sátt við daglegt skipulag skólastarfsins. Aðgengi að stjórnendum er gott og ávallt er hægt að leita til þeirra.

Stjórnendur í samstarfi við sveitarfélagið sjá til þess að verklag og áherslur hvað varðar aðbúnað séu í samræmi við lög og reglugerðir.

Starfsfólki eru kynnt lög um persónuvernd og trúnað og þess gætt að sækja upplýsingar í sakaskrá við ráðningar. Fram kom í viðtali við skólastjóra að verktakar sem vinna við skólann skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu en ekki er óskað eftir upplýsingum úr sakaskrá. Nemendur hafa fengið kynningu á öryggismálum, þar með talið netöryggi.

Skólinn hefur eina skólareglu sem er; „Allt er leyfilegt nema það sem skaðar þig, aðra nemendur, starfsfólk, skólann og eigur hans, eða það sem truflar almenna vellíðan allra í skólanum“. Skólareglan og viðbrögð skólans byggja á stefnu sem nefnist *Jákvæður agi*. Í áætluninni *Agamál og viðurlög* er að finna almenn viðbrögð við agamálum.

Í rýnihópaviðtali við foreldra kom fram að þeir telja að foreldrar hafi ekki haft aðkomu að endurskoðun skólareglna en að nemendur, kennarar og stjórnendur hafi komið að þeirri vinnu. Í rýnihópaviðtölum við nemendur og kennara kom fram að skólareglan hafi verið kynnt og borin undir þau. Auk áður nefndrar skólareglu er að finna reglu sem snýr að notkun síma nemenda í skólanum. Í rýnihópaviðtölum við nemendur kom fram að margir nemendur væru ósáttir við símaregluna.

Upplýsingar um nefndir og ráð er að finna á heimasíðu skólans en ekki eru skráð nöfn þeirra sem eru þátttakendur.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Skólastjórnendur leggja áherslu á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta. Stjórnendur funda óformlega um starfið og ekki eru haldnar fundargerðir um þá fundi. Fram kom í viðtölum við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra að þeir hafi skýra verkaskiptingu sín á milli en ekki er að finna verkaskiptinguna í gögnum skólans en fyrir liggur skjal um hlutverk skólastjórnenda.

Skipurit skólans er að finna í starfsáætlun skólans og starfslýsingar alls starfsfólks liggja fyrir.

Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og mögulegt er hverju sinni. Nýir kennarar fá í flestum tilvikum fasta leiðsagnartíma eða leiðsagnaraðila en almennt starfsfólk fær óformlega tilsögn, aðallega frá samstarfsfólki. Í rýnihópaviðtölum við starfsfólk kemur fram að það telji að réttindi og skyldur þeirra hafi ekki verið kynntar fyrir þeim en telja að nýir starfsmenn séu upplýstir um þessi atriði þegar þeir hefja störf við skólann. Móttökuáætlun fyrir starfsfólk liggur fyrir.

Skólastjóri fylgist á óformlegan hátt með námi og kennslu og veitir kennurum oft endurgjöf en ekki hefur verið unnið markvisst með þeim þætti. Í rýnihópaviðtali við kennara kom fram að auðvelt sé að leita til skólastjóra til að fá ráð og aðstoð þegar með þarf.

Skólastjóri fylgist með óformlegum hætti með störfum annars starfsfólks en kennara en ekki er um beina endurgjöf að ræða. Fram kemur í rýnihópaviðtölum að starfsfólk upplifir að því sé hrósað þegar við á.

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á skólaári og er það skólastjóri sem ræðir við starfsfólk.

Fram kemur í viðtölum við starfsfólk að stjórnendur eru vakandi um samskipti og hafa frumkvæði um lausn ágreiningsmála en verklag sem snýr að úrlausn ágreiningsmála er í mótun.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri sækir sér reglulega endurmenntun og hvetur starfsfólk til starfsþróunar. Mannauður er vel nýttur og kennarar skólans bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu. Starfsfólki finnst það njóta trausts og fá möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Á heimasíðu má finna upplýsingar um þær nefndir sem eru starfandi við skólann ásamt fundargerðum en ekki er að sjá hverjir eru ábyrgðaraðilar allra verkefna.

Skólastjóri hvetur starfsfólk til að sækja sér handleiðslu. Fram kemur í viðtölum við starfsfólk að við skólann sé mjög virkt heilsuefningarteymi, vel sé hugað að heilsu starfsmanna og í föstudagspóstum frá skólastjóra er starfsfólk hvatt til að huga að eigin heilsufari og líðan.

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun skólans eru opinberar og uppfylla viðmið aðalnámskrár.
- Stefna skólans og sérstaða er sýnileg í starfsháttum og rædd meðal allra hagsmunaaðila.
- Lögð er áhersla á að segja frá því jákvæða í skólastarfi.
- Ígrunduð og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal stjórnenda og kennara.
- Mannauður er vel nýttur og starfsfólk ber ábyrgð á verkefnum.
- Haldnir eru reglulegir fundir með almennu starfsfólki og kennurum.
- Fagleg og virk starfsþróun er til staðar fyrir kennara og starfsfólk.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna skólastarfið og starfsfólk lítur á sig sem eina liðsheimild.
- Skólastjóri stuðlar að því að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið og skapa skólanum jákvæða ímynd í grenndarsamfélaginu.
- Skólastjórnendur leggja áherslu á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Leitað er eftir sýn foreldra á skólastarfið með könnunum.
- Boðið er upp á opinn fund skólaráðs fyrir hagsmunaaðila.
- Ánægja foreldra með stjórnun skólans og með samskipti starfsfólks við nemendur eru marktækt yfir meðaltali á landsvísu.
- Markvisst er unnið með umbætur og innleiðingu breytinga í þróun skólastarfsins.
- Starfsfólk er almennt sátt við daglegt skipulag skólastarfsins.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur hafi fasta fundartíma þar sem fram fer formleg umræða og fundargerðir eru skráðar.
- Skrá þarf ábyrgðaraðila allra verkefna og gera fundargerðir aðgengilegar.
- Skýra og skrá með hvaða hætti verkaskiptingu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er háttað.
- Tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila að endurskoðun og gerð skólareglna.
- Skipa fulltrúa í skólaráð í samræmi við reglugerð⁴ þar um.
- Hugsa að leiðum til að virkja foreldra í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.
- Hugsa að því að allir hagsmunaaðilar skólans séu virkir við stefnumótun skólastarfsins.
- Kynna stoðþjónustu með markvissum hætti.
- Skrá verklag um með hvaða hætti upplýsingum um árangur í námi og öðru skólastarfi sé miðlað til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.

⁴ Reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr.1157/2008.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólanámskrá er ítarleg og lögð er áhersla á stefnu menntayfirvalda og sveitarstjórnar með tilgreindum leiðum til að mæta þeim. Náms- og kennsluáætlanir samkennsluhópa endurspegla þær áherslur og þar kemur fram hvernig unnið er með grunnþætti menntunar, lykilhæfni, hæfniviðmið, markmið, leiðir og námsmat. Unnið er að því að nemendur fái nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga, áherslur aðalnámskrár, stefnu og sérstöðu skólans. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til flestra þátta skólastarfsins, nám, líðan og samskipti en við skólann starfa bæði iðjubjálfi og sérkennari. Í náms- og kennsluáætlunum er ekki að finna hvernig námsaðlögun innan námshópa er háttað. Stefnu um stoðþjónustu er að finna á heimasíðu skólans og þar kemur fram hvernig stuðningi er háttað. Sjá mátti á vettvangi að stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með einstaklingsnámskrá eða aðlagaðri námsáætlun. Náms- og kennsluáætlanir eru á heimasíðu skólans og kynntar foreldrum að hausti.

2.2. Árangur náms


Fylgst er með árangri og þörfum nemenda og nemendahópa og brugðist við með það að markmiði að efla árangur og framfarir nemenda. Stjórnendur og kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður náms til að efla nám og kennslu nemenda og nemendahópa. Árangur og framfarir nemenda eru skráðar í hæfnikort í Mentor. Fram kom í viðtali við skólastjóra að haldið er utan um árangur og framfarir nemenda í skjali á innri vef skólans sem stjórnendur og kennarar hafa aðgang að.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum auk árangurs sem tengist lykilhæfni og námsgreinum. Stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda kemur fram í skýrslu um innra mat 2019-2020 og í umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2020-2021.

Samræmd könnunarpróf


Skólinn birtir ekki greiningu á niðurstöðum samræmdra prófa í skýrslum sínum. Þegar færri en tíu nemendur eru í árgangi má ekki birta árlegar niðurstöður en þá er uppsafnaður árangur árganga skólans birtur. Þannig er unnið úr samræmdum könnunarprófum í þessari skýrslu um þelamerkurskóla.

Uppsafnaður árangur 4. bekkjar í íslensku og stærðfræði er yfir landsmeðaltali en hefur dalað nokkuð á milli ára í báðum námsgreinum.




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum

Uppsafnaður árangur 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði fylgist að og er við landsmeðaltal í báðum námsgreinum.



Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum

Uppsafnaður árangur 9. bekkjar í íslensku er rétt undir landsmeðaltali og í stærðfræði rétt yfir landsmeðaltali. Þá má sjá að uppsafnaður árangur í ensku er töluvert undir landsmeðaltali.



Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum

Lesferill

Skólinn nýtir matstækið Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Lesfimi flestra árganga skólans eru um landsmeðaltal en tveir árgangar eru nokkuð undir landsmeðaltali varðandi meðaltal lesinna orða. Í nemendakönnun Skólapúlsins skólaársins 2020-2021 kemur fram að ánægja nemenda af lestri er undir landsmeðaltali en þar er ekki um marktækan mun að ræða.

Skólinn notar Skólapúlsinn til að leggja könnun fyrir nemendur í 6.-10. bekk um líðan þeirra í skólanum, virkni í námi og almennar spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Í niðurstöðum könnunar Skólapúlsins í febrúar 2021 kemur fram að svör nemenda skólans eru sambærileg og svör annarra nemenda sem taka þátt á 13 af þessum 20 þáttum. Þar kemur fram að tveir þættir eru marktækt yfir landsmeðaltali, þeir eru agi í tímum og tíðni leiðsagnarmats. Fimm þættir eru marktækt undir landsmeðaltali, þeir eru þrautseigja í námi, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögðum, sjálfsálit og samsömun við nemendahópinn.

Matsþátturinn einelti mælist í nemendakönnun Skólapúlsins við landsmeðaltal en tíðni eineltis er undir landsmeðaltali en ekki er um marktækan mun að ræða. Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins sem framkvæmd var í febrúar 2021 sýna að matsþátturinn sem snýr að umfangi eineltis er undir landsmeðaltali og að foreldrar eru almennt sáttir við hvernig unnið er með þau eineltismál sem upp hafa komið, ekki er hér þó um marktækan mun að ræða.

Niðurstöður foreldrakönnunarinnar sýna einnig að ánægja foreldra með nám og kennslu er marktækt fyrir ofan landsmeðaltal. Þar kemur einnig fram að matsþættirnir virkni foreldra í námi nemenda og sá tími sem fer í aðstoð við heimanám nemenda eru marktækt undir landsmeðaltali.


2.3 Gæði kennslu

Stefna skólans um fjölbreytta kennsluhætti er sýnileg á vettvangi. Skipulag kennslu og verkefna er í meginatriðum gott og námstími nemenda vel nýttur. Fagmennska og kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi. Markmið kennslu og verkefna er skráð í kennsluáætlunum og þar er gerð grein fyrir tengslum við grunnþætti menntunar og markmið aðalnámskrár. Í flestum þeirra kennslustunda sem matsaðilar heimsóttu var nemendum ekki gerð grein fyrir markmiðum stundarinnar né hæfniviðmiðum sem unnið er með í stundinni. Í nokkrum kennslustofum var þó hægt að sjá kennsluáætlanir, lykilhæfni, markmið, hæfniviðmið og viðmið á veggspjöldum. Í flestum kennslustundum voru verkefni dagsins vel sýnileg og skráð á töflu fyrir upphaf fyrstu kennslustundar í kennsluáætlunum á vettvangi og í rýnihópaviðtali við kennara kom fram að námsmat er fjölbreytt og tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum. Í rýnihópaviðtali við eldri nemendur kom fram þeir þekkja bæði markmið og hæfniviðmið og hafa unnið með þau.

Í einstaklingsnámskrá og kennsluáætlun um námsaðlögun má sjá hvernig tilhögun stuðnings og námsaðlögunar er háttað hjá einstökum nemendum en þar kemur ekki fram hvernig og hvenær mat á árangri og framförum fer fram. Á heimasíðu skólans má sjá fundayfirlit og vinnulag stoðteymis skólans en þar kemur fram að skólastjóri, iðjubjálfi og sérkennari funda mánaðarlega með hverju kennarateymi á yngsta stigi, 5.-8. bekk og 9.-10. bekk. Á þessum fundum er lögð áhersla á þarfir og forsendur nemenda, einstaklingsáætlanir og námsumhverfi svo sem náms- og kennsluáðferðir, skipulag náms og leiðir til að draga fram sterkar hliðar og hæfileika nemenda. Fram kom í rýnihópaviðtali við kennara að stuðningur og námsaðlögun fer fram ýmist í námshópum eða í séraðstöðu, það fari fyrst og fremst eftir þörfum og aðstæðum viðkomandi nemanda. Þá kom það fram að almennt er komið til móts við bráðgera nemendur með öðru námsefni eða fjölbreyttari leiðum og tækifærum í námi. Eins og fyrr segir stunda þrír nemendur fjárnám í einstaka fögum í framhaldsskóla.

Matsaðilar voru á vettvangi í 29 kennslustundum, hjá flestum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundir voru metnar góðar eða frábærar en nokkrar stundir þörfuðust úrbóta.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á fumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.




Mynd 4. Kennsluáherslur.

Á vettvangi reyndust 22 kennslustundir vera fræðandi, tvær stundir voru leiðbeinandi og fimm stundir voru blanda af hvoru tveggja.

2.4 Skipulag náms

Nemendur eru í fimm samkennsluhópum; 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur, 7.-8. bekkur og 9.-10. bekkur. Fjöldi nemenda í námshópum á vettvangi er frá sex nemendum til tuttugu og tveggja. Í tveimur námshópum, 7.-8. bekk og 9.-10. bekk, eru tveir umsjónarkennarar sem bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu og nýta teymiskennslu til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður. Fram kemur í starfsáætlun að námshópar geti verið breytilegir og blandast innan ákveðinna þema- og samvinnuverkefna. Á vettvangi mátti sjá að skipting nemenda í hópa er margvísleg voru til dæmis 5.-10. bekkur saman í íþróttum. Þá voru nemendur í vali í list- og verkgreinum í aldursblönduðum hópum. Fram kom í rýnihópaviðtali við nemendur að þeir fái helst að velja sér verkefni í vali í list- og verkgreinum.

Kennslustundir eru einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Einstaklingsvinnu var að sjá í nítján kennslustundum á vettvangi, samvinna var í þremur stundum og sjö kennslustundir voru blanda af sjálfstæðu námi og samvinnu.



Mynd 5. Námsathafnir.

Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun á upplýsingatækni ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Nemendur nýttu snjalltæki/tölvur í 24% kennslustunda og kennarar í 10% kennslustunda. Á vettvangi voru snjalltæki/tölvur aðallega nýtt í íslensku og samfélagsfræði í eldri námshópum. Allir nemendur hafa aðgang að eigin Chromebook tölvu til að vinna verkefni og leita upplýsinga. Google Classroom er nýtt við verkefnavinnu nemenda.

Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum. Á vettvangi mátti sjá að nám og námsaðstæður styðja við sköpunarþörf nemenda, t.d. nám og kennsla í list- og verkgreinum og markvissa vinnu í útikennslustofu sem staðsett er við skólann. Fram kemur á heimasíðu og í rýnihópaviðtölum að námsumhverfið og grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi og má þar meðal annars nefna Útiskólann. Í stundaskrá nemenda 1.-4. bekkjar er Útiskólinn fastur liður á stundaskrá einu sinni í viku og fara nemendur ásamt kennurum í Útiskóla í tvær kennslustundir. Aðrir námshópar fara í Útiskólann í tengslum við viðfangsefni hverju sinni. Fram kemur á heimasíðu að Útiskólinn hafi þrjú þemu, það er hluti af öllum námsgreinum, grenndarkennsla og hreyfing. Dæmi um verkefni eru gönguferðir, skíðaskóli, fræsöfnun og fleira.

Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara í viðtölum og einnig hafa þeir aðgang að námsframvindu sem skráð er í Mentor.

Skóladagatal skólaárisins 2020-2021 uppfyllir viðmið aðalnámskrár. Allir námshópar eru með 35 kennslustundir á viku og kemur það til vegna dreifbýlis og skólaaksturs. Nemendur í 1.-4. bekk eru því að fá fimm kennslustundir á viku umfram viðmiðunarstundaskrá og nemendur í 8.-10. bekk eru með tveim kennslustundum undir viðmiðum á viku.

Skólinn leggur áherslu á samkennslu og samþættingu verkefna, því er erfitt að bera kennslustundafjölda á stundaskrá nemenda saman við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Það er því óljóst hvort skólinn uppfylli tilskilinn kennslustundafjölda í námsgreinum. Fram kemur í starfsáætlun að eldri nemendur stunda nám í list- og verkgreinum í vali. Val er tvisvar í viku, 7.-10. bekkur fær fimm tíma á viku í vali og 5.-6. bekkur er með tvo og hálfan tíma í vali. 5.-6. bekkur fær auk þess fasta tíma í list- og verkgreinakennslu.

Tónlistarskóli Eyjafjarðar býður nemendum upp á tónlistarnám á skólatíma og fara nemendur úr lögboðinni kennslu í tónlistartíma.

2.5 Námsvitund

Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Fram kom í rýnihópi kennara að unnið sé að því að kenna nemendum að setja sér markmið og að þeir þekki viðmið um árangur. Þá sé námsmat fjölbreytt og unnið sé að því að þjálfar nemendur í að meta eigin nám, vinnu og námsframvindu. Sjá mátti á vettvangi að verið er að vinna að þessum þáttum, aðallega með nemendum í elstu námshópunum og í nokkrum valáföngum. Fram kom í rýnihópaviðtali við nemendur að þeir eldri þekkjja markmið og viðmið um árangur en yngri nemendur kannast lítið við þessi hugtök.

Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkum þeirra, sérstaklega í vali og list- og verkgreinum. Þar fá nemendur að velja sér námsaðferð og viðfangsefni í stigvaxandi mæli.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag skólafélagsins. Bekkjarfundir námshópa eru vikulega og fram kom í rýnihópaviðtali við skólastjórnendur og kennara að þar fái nemendur tækifæri til umræðna og skoðanaskipta. Áhersla er lögð á að leitað sér sjónarmiða nemenda og að þeir fái að taka þátt í ákvörðunum um þá þætti í skólafélaginu sem snúa að þeim. Fram kom í rýnihópaviðtali við nemendur að þeir virðast ekki gera sér grein fyrir hlutverki sínu og áhrifum sem þeir geta haft á námsumhverfið og námstilhögun.

Nemendakönnun Skólafélagsins er lögð árlega fyrir nemendur en fram kemur í rýnihópaviðtali við nemendur að þeir kannast ekki við að niðurstöður þeirrar könnunar séu kynntar þeim.

Í skólanum starfa þó nokkrar nefndir og ráð sem nemendur eiga fulltrúa í, má þar nefna nemendaráð, heilsuefningarráð, sparkvalla- og belgjaráð, læsiráð, umhverfisráð og stýrihópar um jákvæðan aga og upplýsingatækni. Fundargerðir þessara nefnda og ráða eru flestar birtar á heimasíðu og hengdar upp á töflu á gangi við kennslustofur. Þar kemur fram hvaða nemendur eru í hverri nefnd eða ráði. Eins og fram hefur komið er ekki að finna á heimasíðu hvaða nemendur eru í hverri nefnd eða ráði.

Samkvæmt rýnihópaviðtölum við nemendur telja þeir að fulltrúar í skólaráði og öðrum nefndum skólans fá ekki sérstaka þjálfun til þeirra starfa. Ekki er til skráð eða formlegt verklag um hvernig kjörnir fulltrúar nemenda koma upplýsingum um störf sín til annarra nemenda skólans.

Fram kom í rýnihópaviðtölum við skólastjóra og kennara að nemendur fái þjálfun á bekkjarfundum til að taka þátt í nefndum og ráðum. Einnig eru fulltrúar nefnda og ráða hvattir til að segja frá umræðu og ákvörðunum á bekkjarfundum. Þegar nemendur í rýnihópi voru spurðir um þessa sömu þætti þá var fátta um svör. Flest þeirra vissu ekki hverjir væru í nefndum og ráðum eða hvar þau gætu fengið upplýsingar um ákvarðanir nefnda, nefndu þó að sennilega væri hægt að sjá þessar upplýsingar á heimasíðu skólans.

Styrkleikar

- Skólanámskrá er vel útfærð með skýrum tilvísunum um hvernig unnið er út frá aðalnámskrá, stefnu sveitarfélagsins og sérstöðu skólans.
- Náms- og kennsluáætlanir eru greinagóðar og þar kemur fram hvernig unnið er með grunnþætti menntunar, lykilhæfni, stefnu og sérstöðu skólans.
- Stoðþjónusta skólans er fjölbreytt og tekur til náms, líðanar og samskipta nemenda.

- Markvisst er fylgst með árangri og framförum nemenda og nemendahópa.
- Skólastjórar og kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gera áætlun um nám nemenda.
- Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti.
- Kennarar sýna fagmennsku við kennslu.
- Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur.
- Kennsluhættir og námsmat er fjölbreytt, sniðið að markmiðum náms, sérstöðu og stefnu skólans.
- Kennarar vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/eða þvert á árganga.
- Útinám er markvisst og útikennslustofa skólans er vel nýtt.
- Lögð er áhersla á fjölbreytt list- og verkgreinanám nemenda.
- Unnið er að því að kenna eldri nemendum að setja sér markmið og að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.
- Áhugasvið og hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkum þeirra í vali og list- og verkgreinakennslu.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendur hafa tækifæri til samræðu um skipulag skólastarfsins á vikulegum bekkjarfundum.
- Nemendur eiga fulltrúa í sjö nefndum og ráðum innan skólans og fundargerðir þessara nefnda og ráða eru aðgengilegar öðrum nemendum.

Tækifæri til umbóta

- Skrá í námsvísa og kennsluáætlanir hvernig tilhögun og framkvæmd námsaðlögunar og stuðnings er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.
- Endurskoða einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða að markmiðum, endurmats og árangurs.
- Rýna og vinna markvisst að því að bæta árangur nemenda í samræmdum prófum.
- Rýna og vinna markvisst að því að efla trú nemenda á eigin getu og vinnubrögðum.
- Vinna með nemendum að því að efla sjálfsálit þeirra og samsömun við nemendahópinn.
- Gæta þess að kennslustundafjöldi í námsgreinum uppfylli viðmiðunarstundaskrá.
- Huga þarf að því að nemendur í tónlistarnámi missi ekki ávallt af kennslustundum í sömu námsgrein.
- Vinna markvisst að því að kenna og þjálfa alla nemendur í að setja sér markmið í námi og að taka þátt í að meta eigin framfarir.
- Gera öllum nemendum ljós markmið þeirra í námi og markmið kennslustunda og verkefna.
- Skrá nöfn þeirra nemenda og starfsfólks sem eru í nefndum og ráðum á heimasíðu og leita leiða til að kynna á markvissan hátt nefndir og ráð fyrir nemendum.
- Leita leiða og þjálfa nemendur til að gera sérbetur grein fyrir hlutverki sínu í nefndum, ráðum og skipulagi skólastarfsins.
- Skrá og birta formlegt verklag um hvernig fulltrúar nemenda koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu. Í skýrslu um innra mat er umfjöllun um þær leiðir sem skólinn fer við að meta innra starfs sitt, bæði árangur og gæði. Fyrir liggja áætlanir um innra mat til skemmri og lengri tíma. Val matsþátta byggja með skýrum hætti á markmiðum skólans, stefnu og helstu viðfangsefnum. Leiðir að markmiðum eru skýrt fram settar í innra mats skýrslu.

Mat á kennslu og fagmennsku kennara eða jafningjamat fer ekki fram með reglulegum hætti. Fram kom í rýnihópaviðtali við kennara að fram færi óformlegt jafningjamat hjá þeim kennurum sem vinna með teymiskennslu. Í umbótaáætlun skólans vorið 2020 kemur fram að eitt af markmiðum skólastjóra er að efla faglega samræðu við kennara í kjölfar vettvangsheimsókna. Markmið skólans eru metin reglulega og við hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla eru metin reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Innra mat byggir á margvíslegum gagnaöflunarleiðum er hæfa þörfum skólans. Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda. Innra mats teymi er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og einum kennara, aðrir hagsmunaaðilar svo sem starfsmenn, nemendur og foreldrar eiga þar ekki aðkomu.

Fram kom í rýnihópaviðtölum við skólastjóra og kennara að mánaðarlega eru kennarafundir þar sem farið er yfir stefnu skólans, helstu viðfangsefni og niðurstöður kannana. Eins og fyrr hefur komið fram þá fundar stoðteymi skólans einu sinni í mánuði með hverjum kennarahópi um nám og kennslu. Haldið er utan um fundargerðir af þessum fundum og unnið með þær frekar í innra mati og umbótaáætlun. Endurskoðun á aðferðum og reynslu við innra mat kemur fram í umbótaáætlun vorið 2020.

3.3 Umbætur

Greinagerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru til staðar og öllum aðgengilegar. Þar er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta. Fram kom að niðurstöður innra mats og umbótaáætlun eru formlega kynntar á fundum, með starfsfólki, í skólaráði og í tölvupósti til foreldra auk þess sem þær eru birtar á heimasíðu skólans. Nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við að hafa fengið kynningu á niðurstöðum innra mats.

Fram kom í viðtali við skólastjóra að ekki hafa farið fram markvissar samræður í skólaráði um þróun og umbætur í kjölfar innra mats. Tímasett umbótaáætlun liggur fyrir og er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Þar koma fram markvissar aðgerðir um viðfangsefni, ábyrgð á verkefnum og hvenær og hvernig árangur er metinn. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir. Í vorskýrslu 2020 kemur fram að skólinn getur sýnt fram á umbætur sem raktar eru til innra mats.

Styrkleikar

- Skýrsla um innra mat og umbótaáætlun skólans lýsa á markvissan og skýran hátt framkvæmd og helstu niðurstöðum innra mats og tækifærum til umbóta.
- Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og viðfangsefnum skólans.

- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Fyrir liggur skammtíma- og langtímaáætlun um innra mat.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila sem koma að skólastarfinu.
- Niðurstöður innra mats og umbótaáætlun eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.

Tækifæri til umbóta

- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.